

KJARASAMNINGUR

milli Ás styrktarfélags

og

Eflingar – stéttarfélags

1. gr. Gildissvið

Samningur þessi tekur til félagsmanna Eflingar – stéttarfélags sem starfa hjá Ási styrktarfélagi og Efling-stéttarfélag hefur samningsfyrirsvar um. Með þessum kjarasamningi fellur kjarasamningur aðila sem undirritaður var 7.6.2011 úr gildi.

Við undirritun samnings þessa tekur samningurinn til félagsmanna Eflingar sem starfa í eldhúsi hjá Ási og miðast grunnröðun við launaflokk 125 samkvæmt launatöflu Reykjavíkurborgar við Eflingu.

3. gr. Önnur atriði

Um önnur atriði en kveðið er á um í samningi þessum fer samkvæmt kjarasamningi Eflingar – stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

4. gr. Gildistími

Upphaf gildistíma er 1. október 2014.

Samningurinn hefur eftirleiðis sama gildistíma og kjarasamningur Eflingar – stéttarfélags við Reykjavíkurborg.

Reykjavík, 29. september 2014

f.h. Áss styrktarfélags



f.h. Eflingar – stéttarfélags

